

Vextir skulu vera hæstu skuldabréfavextir samkvæmt vaxtaákvörðun Búnaðarbanka Íslands á hverjum tíma.

Lokagreiðsla gatnagerðargjaldsins skal þó ekki falla í gjalddaga fyrr en gangstétt hefur verið lögð.

8. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að víkja frá gjalddögum á gatnagerðargjaldi í B-flokki þegar í hlut eiga efnalitlir elli- og örorkulífeyrisþegar.

9. gr.

Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða, skal reikna gjaldið eftir viðkomandi liðum.

Sé veitt byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk, skal húseigandi greiða gjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af húsnæðinu fyrir og eftir breytingu.

10. gr.

Ef um er að ræða lóð þar sem á að standa bæði íbúðar- og gróðurhús er bæjarstjórn heimilt að áætla stærð lóða fyrir íbúðarhúsið til álagningar gatnagerðargjalda.

11. gr.

Gatnagerðargjöldum fylgir lögveð í viðkomandi eign. Heimilt er að taka gjöld skv. reglugerð þessari lögtaki.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar staðfestist hér með skv. lögum nr. 51/1974 sbr. lög nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 202 frá 29. apríl 1977 um gatnagerðargjöld í Hveragerðishreppi.

Félagsmálaráðuneytið, 12. ágúst 1987.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

um B-gatnagerðargjöld fyrir Ísafjarðarkaupstað.

B-gatnagerðargjöld.

1. gr.

Af öllum húsum á Ísafirði, hvort sem þau eru á eignar- eða leigulóðum skal greiða gatnagerðargjöld (B-gjöld) til bæjarsjóðs Ísafjarðar samkvæmt gjaldskrá þessari. Skal gatnagerðargjaldinu varið til að standa undir kostnaði við að leggja bundið slitlag á götur og lagningu gangstétta.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er ákveðinn hverju sinni á vísitöluhúsi, skv. reikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	2,0%
Raðhús	1,5%
Fjölbýlishús	0,75%
Atvinnuhúsnæði	0,75%
Verslanir og skrifstofur	2,0%
Opinberar byggingar	2,0%

Gjöldin miðast við brúttórúmmál húss og reiknast á sama hátt og við útreikning á A-gatnagerðargjöldum, sbr. gr. 2.2. í „Reglugerð um gatnagerðargjald A í Ísafjarðarkaupstað“.

Gatnagerðargjald B skal miðast við byggingarkostnað vísitöluhúss á þeim tíma þegar framkvæmdum lýkur.

3. gr.

Gatnagerðargjald skv. 2. gr. fellur í eindaga einum mánuði eftir að framkvæmdum lýkur.

4. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að fresta innheimtu gatnagerðargjalda af tekjulágum eigendum fasteigna, sem náð hafa 67 ára aldri, og þeim sem eiga við langvarandi sjúkdóma eða örorku að stríða.

Verði eigendaskipti á húseign, þar sem frestað hefur verið innheimtu á gatnagerðargjaldi, skal bæjarstjórn heimilt að leggja á gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram með áorðnum breytingum á byggingarvísitölu, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

5. gr.

Þegar svo hagar til að gatnagerðargjaldið er ætlað til lagningar gangstétta eingöngu, skal gjaldstuðull vegna gangstétta vera $\frac{1}{3}$ af gjaldstuðli fyrir viðkomandi fasteign skv. gr. 2.

6. gr.

Gatnagerðargjaldi þessu fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það, ásamt vöxtum og verðbótum, fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár hennar.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29. júlí 1987.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.